

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 273/2010

2011/EES/5/40

frá 30. mars 2010

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 474/2006 um að stofna skrá Bandalagsins yfir flugrekendur sem er bannað að stunda flugrekstur innan Bandalagsins (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2111/2005 frá 14. desember 2005 um að stofna skrá Bandalagsins yfir flugrekendur sem er bannað að stunda flugrekstur innan Bandalagsins og um að upplýsa flugfarþega um hvaða flugrekendur annast flutning og um niðurfellingu 9. gr. tilskipunar 2004/36/EB⁽¹⁾, einkum 4. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 474/2006 frá 22. mars 2006 var stofnuð skrá Bandalagsins yfir flugrekendur sem er bannað að stunda flugrekstur innan Bandalagsins sem um getur í II. kafla reglugerðar (EB) nr. 2111/2005⁽²⁾.
- 2) Í samræmi við 3. mgr. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 2111/2005 sendu nokkur aðildarríki framkvæmdastjórninni viðeigandi upplýsingar í tengslum við uppfærslu á skrá Bandalagsins. Þriðju lönd sendu einnig viðeigandi upplýsingar. Á grundvelli þessa er rétt að uppfæra skrá Bandalagsins.
- 3) Framkvæmdastjórnin upplýsti alla hlutaðeigandi flugrekendur, annaðhvort beint eða, þegar því varð ekki við komið, fyrir milligöngu yfirvalda sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með þeim, um mikilvægar staðreyndir og forsendur sem ákvörðun um bann við flugrekstri þeirra innan Evrópusambandsins myndi byggjast á eða breytingar á skilyrðum um flugrekstrarbann flugrekanda sem er á skrá Bandalagsins.
- 4) Framkvæmdastjórnin gaf hlutaðeigandi flugrekendum tækifæri til að kynna sér gögnin, sem aðildarríkin lögðu fram, leggja fram skriflegar athugasemdir og koma munnlegum athugasemdum á framfæri við framkvæmdastjórnina innan tíu virkra daga og við flugöryggisnefndina sem komið var á fót með reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3922/91 frá 16. desember 1991 um samræmingu á tækniröfum og stjórnsýslumeðferð á sviði flugmála⁽³⁾.
- 5) Framkvæmdastjórnin og, í sérstökum tilvikum, nokkur aðildarríki höfðu samráð við yfirvöldin sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með viðkomandi flugrekendum.

- 6) Flugöryggisnefndin hefur hlýtt á kynningar Flugöryggisstofnunar Evrópu (EASA) og framkvæmdastjórnarinnar um tækniástoðarverkefni sem unnin eru í löndum sem verða fyrir áhrifum af völdum ákvæða reglugerðar (EB) nr. 2111/2005. Hún hefur verið upplýst um beiðnir um frekari tækniástoð og samvinnu til að auka færni yfirvalda á sviði almenningssflugs, með tilliti til stjórnsýslu og tækni, í því skyni að ráða bót á því þegar ekki hefur verið farið að gildandi, alþjóðlegum stöðlum.
- 7) Flugöryggisnefndin hefur einnig verið upplýst um aðgerðir til framfylgdar sem Flugöryggisstofnun Evrópu og aðildarríkin hafa gripið til í því skyni að tryggja áframhaldandi lofthæfi og viðhald loftfara sem skráð eru í Evrópusambandinu og starfrækt eru af flugrekendum sem hafa fengið vottun yfirvalda á sviði almenningssflugs í þriðju löndum.
- 8) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 474/2006 til samræmis við það.

Flugrekendur í Evrópusambandinu

- 9) Sum aðildarríki hafa gert tilteknar ráðstafanir til að framfylgja lögum í kjölfar upplýsinga sem fengust úr skoðun á hlaði í tengslum við öryggis skoðun erlendra loftfara (SAFA) sem fór fram á loftförum tiltekinnna flugrekenda í Evrópusambandinu, sem og skoðun og úttekt á sérstökum sviðum sem flugmálafyrirvöld í hverju ríki fyrir sig framkvæmdu. Þau tilkynntu framkvæmdastjórninni og flugöryggisnefndinni um þessar ráðstafanir: Lögbær yfirvöld á Spáni hófu málsmeðferð, 12. mars 2010, til að fella flugrekandaskírteini (AOC) flugrekandans Baleares Link Express tímabundið úr gildi og felldu flugrekandaskírteini flugrekandans Euro Continental tímabundið úr gildi 12. janúar 2010. Lögbær yfirvöld í Þýskalandi felldu flugrekandaskírteini flugrekandans Regional Air Express tímabundið úr gildi frá og með 28. janúar 2010. Lögbær yfirvöld í Breska konungsríkinu upplýstu að flugrekandaskírteini flugrekandans Trans Euro Air Limited hefði verið fellt tímabundið úr gildi 8. desember 2009. Lögbær yfirvöld í Slóvakíu upplýstu skriflega að flugrekandaskírteini flugrekandans Air Slovakia hefði verið fellt tímabundið úr gildi 1. mars 2010.
- 10) Að lokum upplýstu lögbær yfirvöld í Lettlandi flugöryggisnefndina um að í kjölfar þungra áhyggna af rekstraröryggi og áframhaldandi lofthæfi loftfara af tegundinni IL-76, sem flugrekandinn Aviation Company Inversija starfrækir, hefðu þau ákveðið að fella loftfarið brott úr flugrekandaskírteini flugrekandans Aviation Company Inversija og að flugrekandaskírteinið hefði verið fellt tímabundið úr gildi 16. mars 2010.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 84, 31.3.2010, bls. 25. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 108/2010 frá 1. október 2010 um breytingu á XIII viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 70, 16.12.2010, bls. 17.

(1) Stjtið. ESB L 344, 27.12. 2005, bls. 15.

(2) Stjtið. ESB L 84, 23.3. 2006, bls. 14.

(3) Stjtið. ESB L 373, 31.12. 1991, bls. 4.

Flugrekandinn Air Koryo

- 11) Samkvæmt reglugerð (EB) 1543/2006 hefur framkvæmdastjórnin fengið ítarlegar upplýsingar sem lýsa þeim aðgerðum sem lögbær yfirvöld í Norður-Kóreu (Flugmálastjórn Norður-Kóreu (GACA)), sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með flugrekandanum Air Koryo, hafa gripið til og sem flugrekandinn hefur gripið til til að ráða bót á þeim annmörkum í öryggismálum sem lýst er í reglugerð (EB) 474/2006.
- 12) Í desember 2008 hafði framkvæmdastjórnin samband við flugmálastjórn Norður-Kóreu og krafðist áætlunar um aðgerðir til úrbóta frá flugrekandanum Air Koryo sem sýndi hvernig hann hefði ráðið bót á þeim alvarlegu annmörkum í öryggismálum sem komu í ljós við skoðun á hlaði áður en flugrekandanum var bætt í skrána í viðauka A yfir flugrekendur sem er bannað að stunda flugrekstur innan Evrópusambandsins. Auk þess krafðist framkvæmdastjórnin viðeigandi upplýsinga sem sýndu að flugmálastjórn Norður-Kóreu hefði haft viðunandi eftirlit með flugrekandanum Air Koryo í samræmi við ákvæði Alþjóðaflugmálastofnunarinnar.
- 13) Í júní 2009 svaraði flugmálastjórn Norður-Kóreu formlega og lagði fram safn skjala sem veittu tæmandi svör við upplýsingunum sem óskað var eftir. Í kjölfarið fylgdi röð orðsendinga milli framkvæmdastjórnarinnar og flugmálastjórnar Norður-Kóreu sem gerði kleift að skýra núverandi stöðu flugöryggis í Norður-Kóreu.
- 14) Skjölín sem flugmálastjórn Norður-Kóreu lagði fram og viðræður milli framkvæmdastjórnarinnar og flugmálastjórnar Norður-Kóreu hafa leitt í ljós að flugrekandinn Air Koryo getur sýnt fram á að hægt er að starfrækja loftfarið Tupolev Tu 204-300 í fullu samræmi við alþjóðlega öryggisstaðla, þ.m.t. áframhaldandi lofthæfi og flugrekstur, og að flugmálastjórn Norður-Kóreu getur haft eftirlit með flugrekandanum í samræmi við alþjóðlega staðla.
- 15) Að því er varðar allar aðrar tegundir loftfara í flota flugrekandans Air Koryo staðfesti flugmálastjórn Norður-Kóreu að þau uppfylltu ekki að fullu alþjóðlega staðla um loftfarsbúnað, einkum endurbætt jarðvarakerfi (EGPWS), og að þessar tegundir hefðu ekki heimild flugmálastjórnar Norður-Kóreu til að stunda flug í evrópsku loftrými.
- 16) Á öllu tímabilinu brást flugmálastjórn Norður-Kóreu tafarlaust og í fullri samvinnu við beiðnum framkvæmdastjórnarinnar um upplýsingar. Flugrekandinn kom athugasemdum sínum á framfæri við flugöryggisnefndina 18. mars 2010 og staðfesti jákvæða þróun hjá fyrirtækinu.
- 17) Í kjölfar framangreinds, á grundvelli sameiginlegu viðmiðananna, er það metið svo að flugrekandanum Air Koryo skuli leyft að starfrækja tvö loftför af tegundinni Tupolev Tu-204 með skrásetningarkerkin P-632 og P-633 til Evrópusambandsins án rekstrartakmarkana. Þar sem önnur loftför í flotanum uppfylla ekki viðeigandi

kröfur Alþjóðaflugmálastofnunarinnar skal starfræksla þeirra til Evrópusambandsins bönnuð þar til slíkar kröfur hafa verið uppfylltar að fullu. Á grundvelli hinna sameiginlegu viðmiðana er það því metið svo að flugrekandinn Air Koryo skuli skráður í viðauka B. Honum er einungis heimilt að starfrækja flug til Evrópusambandsins með loftförunum tveimur af tegundinni Tupolev Tu-204.

Flugrekendur frá Svasílandi

- 18) Lögbær yfirvöld í Svasílandi lögðu 17. desember 2009 fram skrifleg sönnunargögn um að þau hefðu afturkallað flugrekandaskírteini og flugrekstrarleyfi eftirfarandi flugrekenda: Aero Africa (PTY) Ltd, Jet Africa (PTY) Ltd, Royal Swazi National Airways, Scan Air Charter Ltd og Swazi Express Airways. Þessir flugrekendur hættu starfsemi sinni 8. desember 2009.
- 19) Í ljósi þess sem að framan greinir, á grundvelli sameiginlegu viðmiðananna, er það metið svo að fyrrnefndir flugrekendur, sem hafa fengið flugrekstrarleyfi í Svasílandi, skulu felldir brott úr viðauka A.

Flugrekandinn Bellview Airlines

- 20) Færðar hafa verið sönnur á verulega annmarka af hálfu flugrekandans Bellview Airlines, sem hefur fengið vottun í Nígeríu, eins og sýnt var fram á í niðurstöðum rannsóknanna sem framkvæmdar voru af hálfu lögbærra yfirvalda í Frakklandi og Flugöryggisstofnunar Evrópu.
- 21) Lögbær yfirvöld í Frakklandi (Flugmálastjórn Frakklands (DGAC)) upplýsti framkvæmdastjórnina um að framangreindur flugrekandi hefði í flota í sínum tvö loftför af tegundinni Boeing 737-200 sem eru skráð í Frakklandi með skrásetningarkerkin F-GHXX og F-GHXL en lofthæfivottorð þess fyrrnefnda rann út í maí 2008 en þess síðarnefnda í ágúst 2008. Þar af leiðandi eru þessi loftför ekki lengur í lofthæfu ástandi.
- 22) Flugöryggisstofnun Evrópu tilkynnti framkvæmdastjórninni að samþykkið skv. 145. hluta, tilvísun EASA.145.0172, sem hún hafði veitt þessu fyrirtæki, hefði verið fellt tímabundið úr gildi 8. maí 2009 og kæmi það tafarlaust til framkvæmda, vegna annmarka í öryggismálum, sem ekki hefði verið ráðin bót á, sem dregur úr öryggi, miðað við kröfur, og stofnar flugöryggi í hættu og til athugunar sé að afturkalla þetta samþykki.
- 23) Gögn eru fyrir hendi þess efnis að flugrekandinn Bellview Airlines, sem hefur fengið vottun í Nígeríu, hafi tekið við starfrækslu flugrekandans Bellview Airlines, sem hefur fengið vottun í Síerra Leóne, flugrekanda, sem var skráður í viðauka A, 22. mars 2006⁽¹⁾, og sem var felldur þaðan brott 14. nóvember 2008⁽²⁾ eftir að lögbær yfirvöld í Síerra Leóne tilkynntu framkvæmdastjórninni um afturköllun flugrekandaskírteinisins.

(¹) Forsendur 75 til 86 í reglugerð ráðsins (EB) nr. 474/2006 frá 22. mars 2006 (Stjtið. ESB L 84, 23.3.2006, bls. 19-21).

(²) Forsenda 21 í reglugerð ráðsins (EB) nr. 1131/2008 frá 14. nóvember 2008 (Stjtið. ESB L 306, 15.11.2008, bls. 49).

- 24) Loftfar af tegundinni Boeing B737-200 með skrásetningarkerkið 5N-BFN fórst í Lagos 22. október 2005, altjón varð á loftfarinu og 117 manns létu lífið. Lögbær yfirvöld í Nígeríu hafa ekki veitt upplýsingar um slysið og hafa ekki enn gefið út skýrslu um rannsókn slyssins.
- 25) Með hliðsjón af framangreindum annmörkum hóf framkvæmdastjórnin samráð við lögbær yfirvöld í Nígeríu, lét í ljós þungar áhyggjur af rekstraröryggi og lofthæfi flugrekandans Bellview Airlines og óskaði skýringa varðandi ástandið sem og þær aðgerðir sem yfirvöld og flugrekandinn hefðu gripið til, til að ráða bót á þeim annmörkum sem komu í ljós.
- 26) Lögbær yfirvöld í Nígeríu tilgreindu 19. febrúar 2010 að flugrekandinn væri handhafi flugrekandaskírteinis en hefði hætt starfrækslu. Þau gáfu hins vegar ekki upp stöðu skírteina flugrekandans og ástand loftfara hans.
- 27) Flugrekandinn Bellview Airlines óskaði eftir áheyrn hjá flugöryggisnefndinni og var orðið við þeirri beiðni 18. mars 2010 með aðstoð lögbærra yfirvalda í Nígeríu (Flugmálastjórnar Nígeríu (NCAA)). Flugrekandinn Bellview Airlines lagði fram flugrekandaskírteini þar sem fram kom að gildistími þess væri til 22. apríl 2010 en gat þess um leið að þetta flugrekandaskírteini hefði verið fellt tímabundið úr gildi eftir að öll loftförin, sem tilgreind voru á þessu flugrekandaskírteini, voru tekin úr notkun. Flugmálastjórn Nígeríu tilgreindi að í samræmi við gildandi reglur í Nígeríu hefði gildistími þessa flugrekandaskírteinis runnið út 4. desember 2009, 60 dögum eftir að starfrækslu síðasta loftfarsins var hætt, en gat ekki lagt fram sönnun þess að flugrekandaskírteinið hefði verið fellt tímabundið úr gildi eða afturkallað, eins og við á. Þar af leiðandi var óskað eftir því að Flugmálastjórn Nígeríu veitti, eins fljótt og kostur væri, skriflegar upplýsingar a) um stjórnsýsluráðstöfun um tímabundna niðurfellingu eða afturköllun flugrekandaskírteinis flugrekandans Bellview Airlines, b) um staðfestingu á því að í gangi væri ferli við vottun eða endurvottun fyrirtækisins hjá Flugmálastjórn Nígeríu, c) um formlega aðgerð Flugmálastjórnar Nígeríu um að tilkynna framkvæmdastjórninni um niðurstöðurnar úr endurvottunarúttektinni eða vottunarúttektinni áður en flugrekandaskírteini er gefið út.
- 28) Lögbær yfirvöld í Nígeríu lögðu fram umbeðnar upplýsingar 25. mars 2010. Á grundvelli hinna sameiginlegu viðmiðana er það því metið svo að ekki sé þörf á frekari aðgerðum.
- Flugrekendur frá Egyptalandi**
- 29) Í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1144/2009⁽¹⁾ hafa lögbær yfirvöld í Egyptalandi lagt fram fjórar skýrslur fyrir mánuðina nóvember og desember 2009 sem og janúar og febrúar 2010 til að sýna stöðuna á framkvæmd áætlunarinnar eins og hún hefur verið staðfest af hálfu þessara yfirvalda. Auk þessara skýrslna, þar sem áherslan var á skoðanir á hlaði á loftförum flugrekandans Egypt Air 18. nóvember, voru sendar úttektarskýrslur um áframhaldandi lofthæfi, flugrekstur og rekstur á jörðu niðri.
- 30) Lögbær yfirvöld í Egyptalandi hafa einnig skuldbundið sig til að halda áfram að veita upplýsingar um það hvort ráðin hafi verið bót, með viðunandi hætti, á öllum atriðum sem áður höfðu komið í ljós við skoðun á hlaði á loftförum flugrekandans Egypt Air árin 2008, 2009 og 2010. Í því skyni fjölluðu þau um viðkomandi bréfaskeipti við tiltekin aðildarríki þar sem loftför flugrekandans Egypt Air höfðu sætt skoðunum. Vinnan við að ráða bót á þessum atriðum stendur enn yfir og skal hún háð reglulegu eftirliti.
- 31) Í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1144/2009⁽²⁾ fór heimsókn Flugöryggisstofnunar Evrópu fram 21. til 25. febrúar 2010, með aðstoð aðildarríkjanna. Í þessari heimsókn fór einnig fram mat á eftirlitinu sem Flugmálastjórn Egyptalands (ECAA) innti af hendi, einkum þegar fylgt var eftir framkvæmd flugrekandans Egypt Air á áætluninni um aðgerðir til úrbóta og því hvernig hann réði bót á atriðunum sem í ljós höfðu komið. Í matsheimsókninni voru færðar sönnur á að Flugmálastjórn Egyptalands væri fær um rækja skyldur sínar samkvæmt stöðlum Alþjóðaflugmálastofnunarinnar að því er varðar eftirlit með flugrekendum, sem hún veitir flugrekandaskírteini, og tilgreind voru svið, þar sem úrbóta væri þörf, einkum með tilliti til samræmds kerfis til að fylgja eftir atriðum sem komu í ljós við eftirlitsstörf sem Flugmálastjórn Egyptalands sinnir sem og þjálfun starfsfólks sem sér um leyfisveitingar.
- 32) Í matsheimsókninni var sýnt fram á að flugrekandinn Egypt Air ynni að framkvæmd áætlunar um aðgerðir til úrbóta. Á heildina litið komu ekki í ljós nein alvarleg brot á stöðlum Alþjóðaflugmálastofnunarinnar. Framkvæmdastjórnin viðurkennir þá viðleitni sem flugrekandinn hefur sýnt til að ljúka þeim aðgerðum sem eru nauðsynlegar til að ráða bót á öryggismálum sínum. Sökum þess hversu umfangsmikil og víðtæk áætlun flugrekandans um aðgerðir til úrbóta er og nauðsyn þess að bæta úr þeim fjölmörgu annmörkum í öryggismálum, sem áður hafa komið í ljós, á sjálfbæran/varanlegan hátt, krefst framkvæmdastjórnin þess hins vegar að lögbær yfirvöld í Egyptalandi haldi áfram að senda mánaðarlegar skýrslur um staðfestingu á framkvæmd áætlunarinnar um aðgerðir til úrbóta, þ.m.t. aðgerðir til að ráða bót á atriðunum, sem komu í ljós í matsheimsókninni, og að veita upplýsingar um hvers konar eftirlit Flugmálastjórnar Egyptalands með þessum flugrekanda á sviði áframhaldandi lofthæfis, viðhalds og starfrækslu.
- 33) Aðildarríkin munu halda áfram að sannprófa hvort flugrekandinn Egypt Air fylgi viðeigandi öryggisstöðlum á skilvirkan hátt með því að hafa skoðun loftfars þessa flugrekanda á hlaði í forgangi samkvæmt reglugerð (EB) nr. 351/2008.
- 34) Matsheimsóknin náði einnig til nokkurra annarra egypskra flugrekenda. Tilkynnt var um alvarleg öryggisvandamál hjá tveimur flugrekendum, AlMasria Universal Airlines og Midwest Airlines.

⁽¹⁾ Stjtuð. ESB L 312, 27.11. 2009, bls. 16.⁽²⁾ Stjtuð. ESB L 312, 27.11. 2009, bls. 16.

35) Að því er varðar flugrekandann AlMasria Airlines var tilkynnt um verulega annmarka á sviði flugreksturs og þjálfunar, einkum með tilliti til hæfis og þekkingar tiltekinna rekstrarstjóra. Þetta er enn mikilvægara þegar um er að ræða stækkun flotans.

36) Með bréfi frá 3. mars 2010 var flugrekandinn AlMasria Universal Airlines hvattur til að koma á framfæri athugasemdum sínum við flugöryggisnefndina. Flugrekandinn AlMasria kom athugasemdum sínum á framfæri við flugöryggisnefndina 17. mars 2010 þar sem skýrt var frá aðgerðum til að lagfæra annmarka sem komu í ljós í matsheimsókninni. Í ljósi fyrirhugaðrar stækkunar fyrirtækisins á flota sínum hefur framkvæmdastjórnin krafist þess að lögbær yfirvöld í Egyptalandi sendi mánaðarlega skýrslu um staðfestingu á framkvæmd áætlunar um aðgerðir til úrbóta og að þau veiti upplýsingar um hvers konar eftirlit Flugmálastjórnar Egyptalands á sviði áframhaldandi lofthæfis, viðhalds og flugreksturs hjá þessum flugrekanda.

37) Aðildarríkin munu sannprófa hvort flugrekandinn AlMasria uppfylli viðeigandi öryggisstaðla á skilvirkan hátt með því að hafa skoðun loftfars þessa flugrekanda á hlaði í forgangi samkvæmt reglugerð (EB) nr. 351/2008.

38) Að því er varðar flugrekandann Midwest Airlines hafa lögbær yfirvöld á Ítalíu fært sönnur á annmarka í öryggismálum að því er varðar eftirlit með massa og jafnvægi í flugi flugrekandans Midwest Airlines. Þetta leiddi til þess að lögbær yfirvöld á Ítalíu synjuðu flugrekandanum um leyfi til að starfrækja tiltekið flug⁽¹⁾. Auk þess var í matsheimsókninni einnig tilkynnt um verulega annmarka á sviði rekstrarstjórnunar flugreksturs og viðhalds, flugrekstrarstjórnunar og áhafnarþjálfunar og rekstrarstjórnunar áframhaldandi lofthæfis sem hefur áhrif á öryggi. Af þessu leiðir að, á grundvelli sameiginlegru viðmiðananna, er það metið svo að þessi flugrekandi geti ekki tryggt starfrækslu og viðhald sitt í samræmi við staðla Alþjóðflugmálastofnunarinnar. Flugmálastjórn Egyptalands tilkynnti í heimsókninni að gripið hefði verið til aðgerða til að stöðva tímabundið flugrekstur flugrekandans Midwest Airlines.

39) Með bréfi frá 3. mars 2010 var flugrekandinn Midwest Airlines hvattur til að koma á framfæri athugasemdum sínum við flugöryggisnefndina. Hinn 15. mars 2010 lögðu lögbær yfirvöld í Egyptalandi fram gögn um að flugrekandaskírteini flugrekandans Midwest Airlines hefði verið afturkallað frá og með 28. febrúar 2010.

40) Í ljósi þeirra aðgerða sem Flugmálastjórn Egyptalands greip til er ekki þörf á frekari aðgerðum. Þess er krafist að Flugmálastjórn Egyptalands veiti framkvæmdastjórninni upplýsingar um ferlið við

endurvottunina og niðurstöður hennar áður en gefið er út flugrekandaskírteini til handa félaginu.

Flugrekandinn Iran Air

41) Samkvæmt reglugerð (EB) nr. 715/2008 héldu aðildarríkin áfram að leita eftir sannprófun á því hvort flugrekandinn Iran Air uppfyllti viðeigandi öryggisstaðla á skilvirkan hátt með reglulegum skoðunum á hlaði á loftförum hans sem lentu á flugvöllum í Evrópusambandinu. Árið 2009 tilkynntu Austurríki, Frakkland, Þýskaland, Svíþjóð, Ítalía og Breska konungsríkið um slíkar skoðanir. Niðurstöður þessara skoðana sýndu að staðan, að því er varðaði samræmi við alþjóðlega öryggisstaðla, hefði versnað verulega á árinu.

42) Framkvæmdastjórnin óskaði eftir upplýsingum frá lögbæru yfirvöldunum og fyrirtækinu með það í huga að sannprófa hvernig annmarkarnir, sem í ljós höfðu komið, höfðu verið lagfærðir. Flugrekandinn Iran Air lagði fram aðgerðaáætlun í febrúar 2010 þar sem hann viðurkenndi að misbrestir hefðu verið í fyrri aðgerðaáætluninni, benti á ástæðurnar fyrir þeim og setti fram sértækar aðgerðir til að bæta úr þeim annmörkum sem í ljós höfðu komið.

43) Hins vegar gáfu upplýsingar lögbærra yfirvalda í Íran (Flugmálastjórn Írans (CAO-IRI)), sem bera ábyrgð á lögboðnu eftirliti með flugrekandanum Iran Air, til kynna að þau gætu ekki sýnt fram á að gripið hefði verið til skilvirkra aðgerða til að bæta úr annmörkunum sem komu í ljós við skoðun samkvæmt áætluninni um öryggisskoðanir erlendra loftfara (SAFA-áætluninni). Enn fremur gat Flugmálastjórn Írans ekki sýnt fram á að gripið hefði verið til viðeigandi aðgerða til að ráða bót á verulegri slysatíðni loftfara sem skráð voru í Íran og starfrækt af flugrekendum sem höfðu fengið vottun hjá Flugmálastjórn Írans.

44) Enn fremur lagði Flugmálastjórn Írans fram skjöl í febrúar 2010 sem sýndu skort á eftirliti með flugrekandanum Iran Air á sviði viðhalds og flugskoðana og skort á skilvirku kerfi til að ráða bót á alvarlegum öryggisatriðum. Auk þess gáfu gögn um slys og flugatvik, sem Flugmálastjórn Írans lagði fram, til kynna verulegan fjölda af alvarlegum atburðum sem urðu í tengslum við loftför flugrekandans Iran Air á næstliðnum 11 mánuðum, en helmingur þeirra tengdist loftförum af tegundinni Fokker 100. Skjölín færðu hins vegar ekki sönnur á að Flugmálastjórn Írans hefði gripið til einhverra framhaldsaðgerða.

45) Í mars 2010 lagði Flugmálastjórn Írans fram upplýsingar sem sýndu að skoðanir á því hvort flugrekandinn Iran Air uppfyllti kröfur um viðhald hefðu farið fram en niðurstöðurnar bentu til vandamála í tengslum við eftirlit með hreyflum og árangur af gæðakerfi flugrekandans.

⁽¹⁾ Hinn 5. febrúar 2010 upplýsti Flugmálastjórn Ítalíu flugrekandann Midwest Airlines um þessa annmarka í öryggismálum sem síðan leiddi til þess að heimild til að framkvæma þetta flug var afturkölluð.

- 46) Á fundi flugöryggisnefndarinnar 17. mars 2010 viðurkenndi flugrekandinn að staðan, að því er varðaði samræmi við staðla, hefði versnað en staðfesti að hann hefði tekið í notkun viðhaldseftirlitsstöð og komið á fót nefnd um endurskoðun viðhalds til að ráða bót á vandamálum í tengslum við lofthæfi, hefði bætt öryggisþjálfun í öllum deildum fyrirtækisins, hefði aukið starfsemi öryggis- og gæðatryggingardeildarinnar og komið á fót öryggisnefndum í öllum deildum fyrirtækisins. Einnig hefði verið ráðist í umfangsmikla endurskoðun á skipulagi fyrirtækisins til að auka getu þess til að tryggja örugga starfrækslu. Niðurstöður úr skoðunum á hlaði hjá flugrekandanum Iran Air frá því í febrúar 2010 sýna að flugrekandinn hefur bætt sig verulega.
- 47) Að teknu tilliti til nýlegra, merkjanlega betri niðurstaðna úr SAFA-skoðunum, viðurkenningar flugrekandans Iran Air á nauðsyn á úrbótum og þeirra aðgerða sem hann hefur gripið til til að ráða bót á þeim öryggisvandamálum sem í ljós hafa komið telur framkvæmdastjórnin að vegna mikils fjölda flugatvika, sem tengjast Fokker 100-loftförum, skuli banna tímabundið starfrækslu þeirra til Evrópusambandsins. Að því er varðar aðrar tegundir loftfara í flota flugrekandans Iran Air (lagt fram af Flugmálastjórn Írans 10. mars 2010) – þ.e. Boeing 747, Airbus A300, A310 og A320, skal ekki leyft að auka starfrækslu umfram það sem nú er (tíðni og áfangastaðir) fyrr en framkvæmdastjórnin ákveður að óyggjandi sannanir liggja fyrir að ráðin hafi verið bót, með skilvirkum hætti, á þeim annmörkum í öryggismálum sem í ljós hafa komið.
- 48) Af þessum ástæðum, á grundvelli sameiginlegu viðmiðananna, er það metið svo að flugrekandinn skuli skráður í viðauka B og skuli einungis leyft að starfrækja flug til Evrópusambandsins að því tilskildu að starfrækslan takmarkist eingöngu við núverandi umfang (tíðni og áfangastaði) með þeim loftförum sem eru notuð til þess eins og sakir standa. Enn fremur skal ekki leyft að starfrækja flug til Evrópusambandsins með flota Fokker 100-loftfaranna.
- 49) Framkvæmdastjórnin mun halda áfram að fylgjast náið með frammistöðu flugrekandans Iran Air. Aðildarríkin munu sannprófa hvort viðeigandi öryggisstöðlum sé fylgt á skilvirkan hátt með því að setja það í forgang að loftför þessa flugrekanda fái aukna skoðun á hlaði samkvæmt reglugerð (EB) nr. 351/2008. Framkvæmdastjórnin hyggst, í samvinnu við aðildarríkin og Flugöryggisstofnun Evrópu, sannprófa að þær ráðstafanir sem Flugmálastjórn Írans og flugrekandinn Iran Air hafa tilkynnt um hafi verið framkvæmdar á fullnægjandi hátt með því að fara í vettvangsheimsókn áður en næsti fundur flugöryggisnefndarinnar verður haldinn.
- Flugrekendur frá Súdan**
- 50) Yfirvöld, sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Súdan (Flugmálastjórn Súdans (SCAA)), hafa sýnt vangetu til að ráða bót á þeim alvarlegu atriðum sem komu í ljós við úttekt Alþjóðaflugmálastofnunarinnar innan úttektaráætlunarinnar í tengslum við alþjóðlegt eftirlit með öryggismálum í Súdan sem fór fram í nóvember 2006. Flugmálastjórn Súdans tilkynnti framkvæmdastjórninni í mars 2008 að á sviði starfrækslu, lofthæfis og útgáfu skírteina til handa starfsfólki hefði verið ráðin bót á öllum alvarlegum atriðum eða þau leidd til lykta. Í desember 2009 tilkynnti Flugmálastjórn Súdans framkvæmdastjórninni um að ráðin hefði verið bót á 70% atriðanna, sem komu í ljós við úttektaráætlun í tengslum við alþjóðlegt eftirlit með öryggismálum, í samræmi við tilmæli Alþjóðaflugmálastofnunarinnar.
- 51) Upplýsingar sem Flugmálastjórnin veitti framkvæmdastjórninni í desember 2009 og í mars 2010 bentu hins vegar til þess að ekki hefði verið ráðin bót á fjölda atriða eða að aðgerðir til að leiða til lykta atriðin hefðu ekki borið árangur. Þetta á einkum við um þjálfaða og hæfa skoðunarmenn fyrir flugrekstur og tryggingu fyrir því að flugrekendur hafi viðurkennda þjálfunarhandbók.
- 52) Stuttu áður en loftfarið Boeing 707 með skrásetningarmerkið ST-AKW fórst kom í ljós við úttekt Flugmálastjórnar Súdans á flugrekandanum Azza Air Transport í október 2009 að flugrekandinn hefði ekki hrint í framkvæmd umtalsverðum öryggisaðgerðum á sviði þjálfunar, sem voru stórvægileg atriði sem skorti á í úttekt Alþjóðaflugmálastofnunarinnar. Flugmálastjórn Súdans staðfesti að hún hefði endurnýjað flugrekandaskírteinið árlega síðan það var fyrst gefið út 1996.
- 53) Hinn 10. desember 2009 upplýsti Flugmálastjórn Súdans framkvæmdastjórnina einnig um að flugrekandaskírteini flugrekandans Air West Company Ltd. hefði verið lagt inn, í júlí 2008, og því væri flugrekandinn Air West Ltd. ekki lengur skráður sem handhafi flugrekandaskírteinis í Lýðveldinu Súdan. Þar af leiðandi er það metið svo, að teknu tilliti til þess að flugrekandinn er ekki lengur handhafi flugrekandaskírteinis, sem hefur í för með sér að flugrekstrarleyfi hans telst ekki gilt á grundvelli sameiginlegu viðmiðananna, að flugrekandinn Air West Ltd. sé ekki lengur „flugrekandi“.
- 54) Sökum þess að framkvæmd á aðgerðum til úrbóta, sem komu fram í úttekt úttektaráætlunarinnar í tengslum við alþjóðlegt eftirlit, hefur ekki borið árangur og að Flugmálastjórn Súdans hefur ekki getað tryggt að aðgerðir til úrbóta, sem hefur verið tilkynnt um, komi til framkvæmda með skilvirkum hætti, á grundvelli sameiginlegu viðmiðananna, er það metið svo að Flugmálastjórn Súdans hafi ekki getað framkvæmt og framfylgt viðeigandi öryggisstöðlum og þar af leiðandi skuli allir flugrekendur, sem hafa fengið vottun í Lýðveldinu Súdan, sæta flugrekstrarbanni og vera skráðir í viðauka A.

Flugrekendur frá Albaníu

- 55) Til viðbótar við endurskoðun á stöðu flugrekandans Albanian Airlines MAK í nóvember 2009 og samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 1144/2009⁽¹⁾, fékk Flugöryggisstofnun Evrópu umboð til að láta fara fram ítarlegt eftirlit með stöðlun í Albaníu og gerði það í janúar 2010. Lokaskýrsla þessa eftirlits, sem gefin var út 7. mars 2010, leiddi í ljós verulega annmarka á öllum sviðum sem tekin voru út: tilkynnt var um 13 atriði þar sem vikið var frá stöðlum á sviði lofthæfis, þ.m.t. sex atriði í tengslum við öryggi, tilkynnt var um 13 atriði þar sem vikið var frá stöðlum á sviði skírteinamála og líkamlegs hæfis, þ.m.t. þrjú atriði í tengslum við öryggi, tilkynnt var um níu atriði þar sem vikið var frá stöðlum á sviði flugreksturs en þar á meðal voru sex í tengslum við öryggi. Auk þess kom bráð hætta í ljós í tengslum við flugrekandaskírteini eins af tveimur handhöfum flugrekandaskírteina og var ráðin bót á henni í heimsókninni með tafarlausum aðgerðum til úrbóta af hálfu Flugmálastjórnar Albaníu.
- 56) Lögbær yfirvöld í Albaníu (Flugmálastjórn Albaníu (DGCA)) voru hvött til að koma á framfæri athugasemdum við flugöryggisnefndina og gerðu það 18. mars 2010.
- 57) Flugöryggisnefndin tók mið af því að Flugmálastjórn Albaníu hafði þegar lagt aðgerðaáætlun fyrir Flugöryggisstofnun Evrópu. Flugmálastjórn Albaníu er hvött til að tryggja að Flugöryggisstofnun Evrópu telji þessa aðgerðaáætlun viðunandi og til að grípa til nauðsynlegra aðgerða til að hringja þessari aðgerðaáætlun í framkvæmd með skilvirkum hætti og hafa það í forgangi að bæta úr þeim annmörkum sem Flugöryggisstofnun Evrópu benti á sem valda öryggisvanda ef ekki er ráðin bót á þeim á réttan hátt.
- 58) Í ljósi þess að nauðsynlegt er að ráða bót á annmörkum í öryggismálum í Albaníu með skjóttum hætti og þar sem misbrestur er á að Flugmálastjórn Albaníu grípi til heildrænna og skilvirkra ráðstafana er framkvæmdastjórnin knúin til þess að rækja skyldur sínar skv. 21. gr. margliða samkomulags milli Evrópubandalagsins og aðildarríkja þess og Lýðveldisins Albaníu, Bosníu og Hersegóvínu, Lýðveldisins Búlgaríu, Lýðveldisins Króatíu, Makedóníu, fyrrum Lýðveldisins Júgóslavíu, Lýðveldisins Svartfjallalands, Konungsríkisins Noregs, Lýðveldisins Serbíu og borgaralegrar stjórnsýslu Sameinuðu þjóðanna í Kósovó um að koma á Samevrópska flugsvæðinu (ECAA-samningurinn) með fyrirvara um hvers konar ráðstafanir samkvæmt reglugerð (EB) nr. 2111/2005.

Flugrekendur frá Angóla*Flugrekandinn TAAG Angolan Airlines*

- 59) Flugrekandanum TAAG Angolan Airlines er einungis leyft að starfrækja loftför í Portúgal af tegundinni Boeing 777-200 með skrásetningarkerkin D2-TED, D2-TEE og D2-TEF og með fjórum loftförum af tegundinni Boeing 737-700 með skrásetningarkerkin D2-TBF, D2-TBG, D2-TBH og D2-TBJ með þeim skilyrðum sem eru

tilgreind í 88. forsendu í reglugerð (EB) nr. 1144/2009⁽²⁾. Framkvæmdastjórnin óskaði eftir því að lögbær yfirvöld í Angóla (Flugmálastjórn Angóla (INAVIC)) veittu upplýsingar um eftirlit með flugrekandanum TAAG Angolan Airlines, einkum með tilliti til aukins eftirlits með flugi til Portúgal og niðurstaðna þess.

- 60) Flugmálastjórn Angóla upplýsti flugöryggisnefndina um að hún hefði hert stöðugt eftirlit með flugrekandanum TAAG Angolan Airlines. Hún framkvæmdi 34 skoðanir á flugrekandanum árið 2009 samkvæmt áætlun. Auk þess hefur skoðun á hlaði farið fram kerfisbundið fyrir hvert flug flugrekandans til Evrópu.
- 61) Flugrekandinn TAAG Angolan Airlines óskaði eftir áheyrn hjá flugöryggisnefndinni til að veita nýjustu upplýsingar um stöðuna og gerði það 18. mars 2010. Flugrekandinn tilkynnti að hann hefði aftur fengið aðild að Alþjóðasambandi flugfélaga í desember 2009 og veitti framkvæmdastjórninni ítarlegar upplýsingar sem sýndu fram á góðan árangur af starfrækslu þess til Lissabon og óskaði, á grundvelli þess, að fá leyfi til að hefja aftur starfrækslu til annarra hluta Evrópusambandsins.
- 62) Lögbær yfirvöld í Portúgal (Flugmálastjórn Portúgal) lögðu fram mat sitt á niðurstöðum úr skoðunum á hlaði á flugrekandanum TAAG Angolan Airlines, sem þau höfðu framkvæmt síðan flug til Lissabon hófst að nýju. Flugmálastjórn Portúgal tilkynnti að um 200 slíkar skoðanir hefðu farið fram síðan flug flugrekandans TAAG hófst að nýju 1. ágúst 2009. Flugmálastjórn Portúgal staðfesti að skoðanirnar hefðu ekki valdið áhyggjum af öryggismálum og að Flugmálastjórn Portúgal sé að fullu sátt við starfrækslu flugrekandans TAAG Angolan Airlines til og frá Lissabon og sé í aðstöðu til að mæla með að hún verði víkkuð út til alls Evrópusambandsins.
- 63) Flugrekandinn tilkynnti einnig að hann væri að fjárfesta í upp færslu á búnaði í Boeing 737-200 flota sínum til að koma fyrir endurbættu jarðvarakerfi, neyðarsendi sem sendir á 406 Mhz tíðni (ELT406), getu til að fljúga með minnkaðan lágmarkshæðaraðskilnað (RVSM), stjórnklefahurðum, stafrænum ferðrita og stafrænni veðurrátsjá, í samræmi við alþjóðlega öryggisstaðla, en að þessu ferli, sem væri yfirstandandi, væri ekki lokið að því er varðaði allan flotann. Flugrekandinn tilkynnti einnig að hann hefði í hyggju að úrelða í áföngum loftför af tegundinni B747-300, einkum vegna minni áreiðanleika við starfrækslu.

⁽¹⁾ Forsendur 10 til 16 í reglugerð ráðsins (EB) nr. 1144/2009 frá 26. nóvember 2009 (Stjtuð. ESB L 312, 27.11.2009, bls. 17).

⁽²⁾ Stjtuð. ESB L 312, 27.11.2009, bls. 24.

64) Á grundvelli sameiginlegru viðmiðananna og að teknu tilliti til tilmællanna skv. 62. forsendu sem og jákvæðs árangurs skoðana á hlaði á loftförum þessa flugrekanda er það því metið svo að flugrekandinn TAAG skuli áfram vera skráður í viðauka B vegna þriggja loftfara af tegundinni Boeing B777 með skrásetningarmarkni D2-TED, D2-TEE og D2-TEF og vegna fjögurra loftfara af tegundinni Boeing B737-700 með skrásetningarmarkni D2-TBF, D2-TBG, D2-TBH og D2-TBJ og að núverandi takmörkunum á starfrækslu þessara loftfara til Lissabon skuli aflétt. Hins vegar skal starfræksla þessa flugrekanda til Evrópusambandsins háð viðeigandi sannprófun á því hvort viðeigandi öryggisstöðlum sé fylgt á skilvirkan hátt með því að hafa skoðun loftfars þessa flugrekanda á hlaði í forgangi samkvæmt reglugerð nr. 351/2008.

Heildarefirlit með öryggi flugrekenda frá Angóla

65) Flugmálastjórn Angóla tilkynnti um frekari árangur við lausn á þeim atriðum sem enn voru til staðar eftir síðustu heimsókn aðila frá Evrópusambandinu vegna öryggismats sem fram fór í júní 2009. Nánar tiltekið uppfærði Flugmálastjórn Angóla flugöryggisreglur sínar til að endurspegla síðustu breytingar á stöðlum Alþjóðaflugmálastofnunarinnar, herti eftirlitsáætlun sína og réð tvo hæfa skoðunarmenn fyrir flugrekstur til viðbótar.

66) Flugmálastjórn Angóla tilkynnti um árangur af endurvottun flugrekenda í Angóla, ferli sem búist er við að verði lokið eigi síðar en við lok ársins 2010, en það er dagsetningin sem Flugmálastjórn Angóla hefur tilgreint að þeir flugrekendur sem ekki hafa verið endurvottaðir í samræmi við flugöryggisreglur Angóla skuli hætta starfrækslu. Þó hefur enginn flugrekandi enn fengið endurvottun, að undanskildum flugrekandanum TAAG Angolan Airlines.

67) Flugmálastjórn Angóla tilkynnti um að við endurvottunarferlið hafi eftirlit með tilteknum flugrekendum leitt í ljós öryggisvandamál og brot á öryggisreglum sem í gildi eru, sem hafa leitt til þess að flugmálastjórn Angóla hefur gripið til viðeigandi framfylgdaraðgerða. Því var flugrekandaskírteini flugrekandans Air Gemini afturkallað í desember 2009 og flugrekandaskírteini flugrekendanna PHA og SAL afturkölluð í febrúar 2010. Flugrekandaskírteini flugrekendanna Giraglobo, Maveawa og Airnave voru felld tímabundið úr gildi í febrúar 2010. Flugmálastjórn Angóla gat hins vegar ekki fært sönnur á afturköllun þessara skírteina.

68) Framkvæmdastjórnin hvetur Flugmálastjórn Angóla til að halda endurvottunarferlinu áfram af festu og taka tilhlýðilegt tillit til mögulegra öryggisvandamála sem tilgreind eru innan þessa ramma. Á grundvelli sameiginlegru viðmiðananna er það því metið svo að hinir flugrekendurnir, sem lúta eftirliti Flugmálastjórnar Angóla, flugrekendurnir Aerojet, Air26, Air Gicango, Air Jet, Air Nave, Alada, Angola Air Services, Diexim,

Gira Globo, Heliang, Helimalongo, Mavewa, Rui & Conceicao, Servisair og Sonair sem og flugrekendurnir Air Gemini, PHA, SAL, skuli áfram skráðir í viðauka A.

Flugrekendur frá Rússneska sambandsríkinu

69) Hinn 19. febrúar 2010 upplýstu lögbær yfirvöld í Rússneska sambandsríkinu um að þau hefðu breytt ákvörðun sinni frá 25. apríl 2008, þar sem þau útilokuðu loftför á flugrekandaskírteinum 13 rússneskra flugrekenda frá flugi til Evrópusambandsins. Þessi loftför voru ekki útbúin fyrir millilandaflug samkvæmt stöðlum Alþjóðaflugmálastofnunarinnar (ekki búin tilskildu landslagsgreiningarkerfi og/eða endurbættu jarðvarakerfi), loftþæfivottorð þeirra var fallið úr gildi og/eða hafði ekki verið endurnýjað.

70) Samkvæmt nýju ákvörðuninni eru eftirfarandi loftför útilokuð frá flugi til Evrópusambandsins, innan þess og frá því:

a) Flugrekandinn Aircompany Yakutia: Antonov AN-140: RA-41250; AN-24RV: RA-46496, RA-46665, RA-47304, RA-47352, RA-47353, RA-47360; AN-26: RA-26660.

b) Flugrekandinn Atlant Soyuz: Tupolev TU-154M: RA-85672 og RA-85682.

c) Flugrekandinn Gazpromavia: Tupolev TU-154M: RA-85625 og RA-85774, Yakovlev Yak-40: RA-87511, RA-88186 og RA-88300; Yak-40K: RA-21505 og RA-98109, Yak-42D: RA-42437; allar (22) þylur Kamov Ka-26 (óþekkt skrásetningarmarki); allar (49) þylur Mi-8 (óþekkt skrásetningarmarki), allar (11) þylur Mi-171 (óþekkt skrásetningarmarki), allar (8) þylur Mi-2 (óþekkt skrásetningarmarki), allar (1) þylur EC-120B: RA-04116.

d) Flugrekandinn Kavminvodyavia: Tupolev TU-154B: RA-85307, RA-85494 og RA-85457..

e) Flugrekandinn Krasnoyarsky Airlines: Loftfar tegundinni TU-154M RA-85682 sem áður var á flugrekandaskírteini flugrekandans Krasnoyarsky Airlines, sem var afturkallað árið 2009, er nú starfrækt af öðrum flugrekanda, sem hefur fengið vottun í Rússneska sambandsríkinu.

f) Flugrekandinn Kuban Airlines: Yakovlev Yak-42: RA-42331, RA-42336, RA-42350, RA-42538 og RA-42541.

g) Flugrekandinn Orenburg Airlines: Tupolev TU-154B: RA-85602; öll TU-134 (óþekkt skrásetningarmarki); öll Antonov An-24 (óþekkt skrásetningarmarki); öll An-2 (óþekkt skrásetningarmarki); allar þylur Mi-2 (óþekkt skrásetningarmarki); allar þylur Mi-8 (óþekkt skrásetningarmarki).

h) Flugrekandinn Siberia Airlines: Tupolev TU-154M: RA-85613, RA-85619, RA-85622 og RA-85690.

- i) Flugrekandinn Tatarstan Airlines: Yakovlev Yak-42D: RA-42374, RA-42433; öll Tupolev TU-134A, þ.m.t.: RA- 65065, RA-65102, RA-65691, RA-65970 og RA- 65973; öll Antonov AN-24RV, þ.m.t.: RA-46625 og RA-47818, loftför af tegundinni AN24RV með skrásetningarkerkin RA-46625 og RA-47818 eru starfrækt af öðrum rússneskum flugrekanda.
- j) Flugrekandinn Ural Airlines: Tupolev TU-154B: RA-85508 (loftförin RA-85319, RA-85337, RA-85357, RA-85375, RA-85374 og RA-85432 eru eins og stendur ekki starfrækt af fjárhagsástæðum).
- k) Flugrekandinn UTAir: Tupolev TU-154M: RA-85733, RA-85755, RA-85806, RA-85820, öll (25) TU-134: RA-65024, RA-65033, RA-65127, RA-65148, RA-65560, RA-65572, RA-65575, RA-65607, RA-65608, RA-65609, RA-65611, RA-65613, RA-65616, RA-65620, RA-65622, RA-65728, RA-65755, RA-65777, RA-65780, RA-65793, RA-65901, RA-65902 og RA-65977; loftförin RA-65143 og RA-65916 eru starfrækt af öðrum rússneskum flugrekanda, öll (1) TU-134B: RA-65726; öll (10) Yakovlev Yak-40: RA-87348 (er eins og stendur ekki starfrækt af fjárhagsástæðum), RA-87907, RA-87941, RA-87997, RA-88209, RA-88227 og RA-88280; allar þyrlur Mil-26: (óþekkt skrásetningarkerki); allar þyrlur Mil-10: (óþekkt skrásetningarkerki); allar þyrlur Mil-8 (óþekkt skrásetningarkerki); allar þyrlur AS-355 (óþekkt skrásetningarkerki); allar þyrlur BO-105 (óþekkt skrásetningarkerki); loftför af tegundunum AN-24B: RA-46388, loftförin RA-46267 og RA-47289 og loftför af tegundunum AN-24RV RA-46509, RA-46519 og RA-47800 eru starfrækt af öðrum rússneskum flugrekanda.
- l) Flugrekandinn Rossija (STC Russia): Tupolev TU-134: RA-65979, loftförin RA-65904, RA-65905, RA-65911, RA-65921 og RA-65555 eru starfrækt af öðrum rússneskum flugrekanda; TU-214: RA-64504 og RA-64505 eru starfrækt af öðrum rússneskum flugrekanda; Ilyushin IL-18: RA-75454 og RA-75464 eru starfrækt af öðrum rússneskum flugrekanda; Yakovlev Yak-40: RA-87203, RA-87968, RA-87971 og RA-88200 eru starfrækt af öðrum rússneskum flugrekanda.

Flugrekandinn Yemenia Yemen Airways

- 71) Samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1144/2009 fóru Flugöryggisstofnun Evrópu og aðildarríkin í vettvangsheimsókn til Jemen í desember 2009 til að sannprófa stöðu öryggismála hjá flugrekandanum Yemenia í því skyni að meta hvort hann uppfyllti í reynd alþjóðlega öryggisstaðla og til að meta getu yfirvalds á sviði almenningsflugs og veðurfræði (CAMA) til að tryggja eftirlit með öryggi alls almenningsflugs í Jemen.

- 72) Í matsheimsókninni var sýnt fram á að yfirvaldið á sviði almenningsflugs og veðurfræði hefur getu til að hafa skilvirkt eftirlit með flugrekandanum Yemenia Yemen Airways og tryggir þar með að flugrekendur, sem það hefur veitt flugrekandaskírteini, geti haldið uppi öruggri starfrækslu í samræmi við staðla Alþjóðaflugmálastofnunarinnar og að eftirlit og umsjón flugrekandans Yemenia Yemen Airways með starfrækslu sinni sé viðunandi til að tryggja sé að hann geti starfrækt flug í samræmi við kröfurnar sem gilda um flugrekandaskírteini hans.
- 73) Í ljósi niðurstaðna matsheimsóknarinnar er ekki þörf á frekari aðgerðum. Framkvæmdastjórnin mun halda áfram að fylgjast náið með frammistöðu flugrekandans og hvetur yfirvöld í Jemen til að halda áfram starfi sínu innan ramma rannsóknarinnar á slysinu sem loftfar flugrekandans Yemenia Yemen Airways lenti í 30. júní 2009, þ.e. flug 626. Aðildarríkin munu sannprófa hvort viðeigandi öryggisstöðlum sé fylgt á skilvirkan hátt með því að setja það í forgang að loftför þessa flugrekanda séu skoðuð á hlaði samkvæmt reglugerð (EB) nr. 351/2008.

Flugrekendur frá Filippseyjum

